

Aðalfundur Brunavarna A-Hún. haldinn fimmtudaginn 22. nóvember 2007 kl. 14.00, að Húnavöllum.

Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningar 2006.
3. Skýrsla formanns.
4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
5. umræður um skýrslur og reikninga.
6. Afgreiðsla reikninga.
7. fjárhagsáætlun 2008.
8. Önnur mál.
9. Fundarslit.

Afgreiðslur:

1. Ágúst Þór Bragason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.
2. Lagðir fram ársreikningar fyrir árið 2006. Ágúst kynnti ársreikningana, fór hann yfir ýmsa liði í rekstri og efnahag Brunavarna. Ársreikningurinn var borinn upp til atkvæða og var samþykktur samhljóða.
3. Ágúst Þór Bragason flutti skýrslu formanns, í máli hans kom m.a. fram að haldnir hafa verið sex stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi. Farið var í viðræður við slökkvilið Skagastrandar um sameiningu, ekki var áhugi fyrir þeirri sameiningu af hálfu Skagstrendinga. Tilraun var gerð til að sameina slökkviliðin undir Héraðsstjórn, en sú tilraun bar ekki árangur. Ágúst tilkynnti að hann segði af sér sem formaður stjórnar Brunavarna A-Hún, en muni sitja áfram í stjórn.
4. Andrés I. Leifsson slökkviliðsstjóri flutti skýrslu um einstaka atburði í starfsemi slökkviliðsins. Ræddi hann m.a. um eldvarnareftirlit og úttektir mannvirkja, æfingar slökkviliðs, slökkvibúnað, Stöðu slökkviliðs og framtíðarhorfur.
5. Fyrirspurn var gerð varðandi reglubundið eldvarnareftirlit í dreifbýli. Fram kom að slökkviliðsstjóri hefur sótt réttindanámskeið um eldvarnareftirlit þannig að hann hefur nú réttindi til að sinna því. Segja má að ekki hafi verið virkt eldvarnareftirlit á svæðinu frá árinu 2004. Rætt var um ábyrgð slökkviliðs á vettvangi umferðaslyss. Fundarmenn töldu brýnt að fá það á hreint hvaða björgunaraðili beri megin ábyrgð og stjórn á slyssað.
6. Voru afgreiddir undir lið 2.
7. Ágúst lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2008. Áætlað er að framlög sveitarfélaga hækka um 4% milli ára. Gert er ráð fyrir fjárfestingum að upphæð um 1.7 milljón kr.

Fjárhagsáætlunin var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

8. Rætt var um tækjabúnað slökkviliðsins, aldur og endurnýjun slökkvibíla. Fundurinn felur stjórn Brunavarna að taka ákvörðun um hvort gamla slökkvibifreiðin verði lánuð til Samgöngumynjasafnsins í Skagafirði.

Fleira var ekki bókað.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15.15.

Ritari Jens P Jensen (sign)

Ágúst Þór Bragason (sign)

Andrés I. Leifsson (sign)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign)

Valgarður Hilmarsson (sign)

Gróa Lárusdóttir (sign)

Björn Magnússon (sign)

Arnar Þór Sævarsson (sign)